

Fornar Iðngreinar

Grein þessi birtist í 1. tbl. 30 árgangs Iðjúblaðsins árið 1994

Á þjóðveldistímanum töldust Íslendingar allmikil iðnaðarþjóð þótt einungis væri um heimilisiðnað að ræða. Tóvinna var stunduð á hverjum bæ, og frá landnámsöld fram á seinnihluta 18. aldarvar allur vandaðri vefnaður unninn í svonefndum kljástainsvefnað, sem var erfitt verk og seinlegt.

Vaðmál

Um níu alda skeð voru í vefstaðnum unnar tvær aðalútflutningsvörur Íslendinga, vaðmál og vararfeld auk vaðmáls til heimilisnota. Bæði konungar og erkibiskup sóttust hér eftir ýmsum vörum, sem þeir gátu ekki nálgast annarsstaðar í nálægum löndum. Þar á meðal voru brennisteinn og Vaðmál. Í páfabréfi frá 1194 segir að erkibiskup megi senda 30 lestrir mjöls til Íslands árlega til að kaupa fyrir klæðafni handa klerkum sínum. Vararfeldir voru í ýmsum litum, tvisvar sinnum einn metri að stærð og voru festir yfir hægri öxlina með einskonar nælu. Um árið 1200 hverfa vararfeldirnir að mestu úr sögunni sem verslunarvara og gjaldeyrir. Talið er að stórfeld tískubreyting hafi valdið því.

Prjónles

Elstu skýrslur um útflutning á prjónlesi eru frá 1624. Þá hafði útflutningur á vaðmáli glatað stöðu sinni sem útflutningsvara vegna stórstígrar framfarar í erlendum klæðaburði. Hollendingar sóttust mjög eftir prjónlesi, ekki síst úr Múlasýslunum. Prjónlesið þaðan þótti bera af um gæði og kosti, en því næst komu Þingeyjarsýslur og Eyjafjörður en gæðum fór hrakandi vestur og suður um land. Ullariðnaðurinn skapaði landsmönnum nóg að starfa vetrarlangt og var öðrum fremur til að forða fjölda manns frá atvinnu- og iðjuleysi. Hins vegar var þessi vinna oft illa borguð. Eftir því sem einokunarversluninni óx fiskur um hrygg, lækka verðgildi prjónlessins. Íslenskur iðnaður átti þó eftir að ná sér á strik og verða sterkari en nokkru sinni fyrr þegar rokkurinn og danski vefstóllinn komu til landsins á 18. öld. Brátt tóku menn að smíða þá innanlands eftir hinni erlendu fyrirmynd. Þessum nýju tækjum fylgdi mikill vinnusparnaður og innlend rokkasmíði varð einskonar sérgrein meðal smíða.

Mjólkuriðnaður

Auk ullariðnaðar má telja mjólkuriðnað eina veigamestu iðngrein Íslendinga á fyrri öldum. Hann fólst einkum í gerð smjörs, osta og skys en sýnt er að mikið hefur kveðið að þessum iðnaði, því að smjör var algengasti gjaldmiðillinn í landinu á miðöldum. Ostur og annar mjólkurmatur var mjög oft goldinn í margskonar tolla. Nokkrar líkur eru þó á því að ostur hafi verið fluttur út. Ostagerð virðist hafa verið mikil frá fornu fari og allt fram á þrettánda öld. Miklir ostatollar voru lagðir til biskupsstóla, klaustra og kirkna á fyrstu þremur öldum kristni hér á landi. Ostabirgðir, sem runnu til þessara staða voru meiri en svo að þeirra hafi verið neytt á þessum stöðum. Er þá naumast öðru til að dreifa að þeir hafa verið fluttir út.

Saltgerð

Til forna þurftu Íslendingar lítið á salti að halda því að fiskur var aðallega hertur, kjöt þurrkað og smjör og ýmiss annar matur súrsaður. Það salt, sem þurfti, var gert í landinu sjálfu. Brennt var þang eða þari og askan notuð sem salt. Sú aðferð var kölluð saltbrennsla eða saltsviða. Árið 1773 hefst saltvinnsla úr sjó á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og var við það nota heitt hveravatn.

Skinnavörur

Í gömlum heimildum eru taldar upp ýmsar tegundir skinnvara, sem flutt voru út. Þar á meðal eru melrakkabelgir, lambagærur og kattarbelgir. Kattarbelgirnir voru langdýrastir allar

skinnavöru og bendir það til þess að góður markaður hafi verið fyrir þá. Á 13. öld versnaði markaðurinn fyrir íslenska skinnavörur. Þá var íslandsverslunin komin að mestu í hendur Norðmanna en þeir áttu næga skinnvöru. Auk þess hefur aukið framboð á rússneskri skinnavöru haft áhrif.

Ölgerð

Mikil neysla öls var algeng fyrr á öldum í veislum á hátíðum og þingum. Á Alþingi er t.d. bæði getið um hituhús og ölbúð. Ekki var til síðs að drekka vín á þessum tíma nema við kirkjulegar athafnir. Innlend ölgerð eða bruggun fullnægði ekki þörfum landsmanna. Það öl, sem flutt var inn kom aðallega frá Þýskalandi og var gjarnan kallaður bjór til aðgreiningar frá innlendri framleiðslu. Ölið var bruggað bæði úr innlendu og erlendu korni. Malt til ölgerðarinnar var aðallega flutt frá Noregi. Þó að ölgerð væri aðallega heimilisiðja, var hún talinn verk kunnáttumanna og höfðu höfðingjar til þess sérstök hjú, heitumann, er þeir höfðu jafnvel með sér til Alþingis. Smá saman hætti almenningur ölgerð eins og öðru á mesta niðurlægingartímabili þjóðarinnar í lok 18. aldar en með höfðingjunum hélst ölhita alla tíð, þar til ekki varð lengur keppt við erlenda bjórframleiðslu í verði og gæðum. Eftir myndun kaupstaða var ölger notað við bakstur í öllum brauðgerðum fram yfir aldamótin 1900 en þá tóku við svonefnd pressuger. Fram að því var bruggað í flestum brauðgerðum og höfðu bakarar drjúgar aukatekjur af því að selja ölið.

Brennisteinn

Ýmis rök eru fyrir því að brennisteinn hafi verið fluttur út á síðari hluta 12. aldar og ef til vill löngu fyrr. Brennisteinn er aðallega að finna í Mývatnssveit. Blómaöld brennisteinsnáms var á 15. og 16 öld. Námunar voru lagðar niður árið 1845. Árið 1939 var á ný hafist handa um vinnslu úr námunum, en lítið varð þó úr starfsemi því að heimsstyrjöldin gerði þau áform að engu. Brennisteinn var einnig unnin í Krísuvík og fluttur út frá Hafnarfirði.

Hákarlalýsi

Hákarlalýsi var ein verðmætasta og eftirsóttasta útflutningsvara Íslendinga um langan aldur. Það var einkum eftirsótt til lýsingar á strætum stórborga, auk þess var það notað sem eldsneyti á lampa í heimahúsum. Á síðari hluta 19. aldar tók að draga verulega úr hákarlaveiðum hér við land.

Kolagerð

Kola- og járngerð voru mikilvægar iðngreinar fyrir atvinnuvegina í landinu. Allt frá fyrstu árum Íslandsbyggðar. Kol voru nauðsynleg við allar málmsmíðar og dengingu hinna gömlu íslensku ljáa á 19. öld. Engar kolanámur voru til í landinu og kol voru ekki fullt inn fyrr en eftir siðaskipti. Landsmenn urðu því að gera sér kol úr skógarviði. Hvarvetna mun hafa verið gert til kola þar sem nokkur skógarvottur var og stuðlaði kolagerð þannig meira en nokkurt annað að eyðingu skóganna. Það er ekki fyrr en á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar að Íslendingar fara að vinna brúnkol úr jörðu og voru helstu námurnar við Breiðafjörð og á Tjörnesi uppúr 1950 er kolavinnslunni hætt.

Járngerð

Járnvinnsla úr mýrarrauða hafði tíðkast öldum saman á Norðurlöndum fyrir Íslandsbyggð. Járngerð mun hafa verið stunduð hér á landi frá landnámsöld og fram á 15. öld og jafnvel lengur. Járníð var einkum notað í ljái, ýmis áhöld, vopn, skeifur og bátasaum. Engar heimildir eru til um innflutning ósmíðaðs járn á þjóðveldisöld. Hins vegar hefur jafnan nokkuð verið flutt inn af smíðagripum úr járn t.d. vopn.

Vindlar

Vindlagerð var einn sá verksmiðjurekstur sem blómstraði hér á landi um aldamótin 1900. verksmiðjurnar voru alls sex fjórar í Reykjavík og tvær á Akureyri. Þegar best lét höfðu um 100 manns vinnu í þessum verksmiðjum. Vindlaframleiðslan varð skammlíf því að stjórnvöld horfðu mjög í þann tekjumissir, sem landsjóður varð fyrir við það að innflutningur á vindlum lagðist næstum af. Vindlategundirnar hétu ýmsum þjóðlegum nöfnum, svo sem Skugga-Sveinn, Hekla, Geysir, Fjallafífill og Ýstrubelgur.

Heimildir

Á döfinni 2.tbl. 17. árg. afmælisútgáfa 1993

Öldin sautjándi útg. Iðunn 1982

Stofnun Tóvéla Eyjafjarðar og fyrsta ullarsendingin

27. Nóvember 1897 kom Guðni Þorgrímsson á Oddeyri í nýstofnaði verksmiðju við Eyjafjörð og innritaði ullarsendingu. Markaði þessi ullarsending Guðna skil í sögunni þar sem um var að ræða fyrstu ullarsendinguna sem innrituð var í Tóvélar Eyjafjarðar en ákvörðun um stofnun verksmiðjunnar hafði verið tekin á sýslufundi í febrúar 1896. Var þar sammælt um að leita stuðnings Akureyrarkaupstaðar til að koma á verksmiðjunni á fót og samþykkt að sýslunefnd og bæjarstjórn tækju til þess 12 þúsund króna lán úr viðlagasjóði. Úr framkvæmdum varð ekki fyrr en ári síðar og tók hún þá til starfa.

Vatnsréttinn í Glerá fékk fyrirtækið endurgjaldslaust frá Akureyrarbæ og lagði Jón Jónsson óðalsbóndi í Bandagerði til land Bandagerðis svo að Tóvélar Eyjafjarðar áttu vatnsréttinn óskertan til hvers konar orkunotkunar um ótakmarkaðan tíma.

Vélakostur ullarverksmiðjunnar var ein kembivélasamstæða, spunavél og tvinningarvél. Aðalsteinn Halldórsson búfræðingur frá Litla-Hamri var ráðinn til verksmiðjunnar sem tóvélastjóri og voru starfsmenn fjórir fyrsta árið en þeir bjuggu ásamt vélstjóranum í verksmiðjuhúsinu þar sem langt var að ganga ofan á Oddeyri og oft erfitt að vetrarlagi. Verksmiðjuhúsið reyndist þó fljótt of lítið til ullargeymslu og búsetu starfsmanna. Árið 1907 var svo reist stærra og rúmbetra verksmiðjuhúsnaði sem oftast var nefnt Verksmiðjuhöllin.

...svo held ég að þið stelið því líka held ég

Í upphafi ullarvinnslunnar á Gleráreyrum gat tekið tíma að vinna traust viðskiptavina. Sagan segir að þangað hafi komið gamall maður af Eyrinni með sinn stóra ullarpoka. Þegar hann kom að sækja ullina, sem hann hafði látið til vinnslu, fékk hann í hendur lítið lopabúnt. Heyrðist sá gamli þá tauta:

"Ég held að þið hafið nú ekki gert þetta mjög vel núna, held ég. Svo held ég að þið séuð dálítið lengi að þessu held ég. Já, og svo held ég að þið stelið af því líka, held ég."

Fullgildir díxilmenn

Díxilmenn voru þeir kallaðir sem unnu við tilslátt á síldartunnum og notuðu þeir gjarnan til verksins þar til gerðan haman sem kallaður var díxilhamar. Í kaupgjaldssamningi frá árinu 1951 er tekið fram að "fullgildir díxilmenn, er hafa verið við tilslátt á tunnum í tvö sumur enda sýni þeir hæfnisvottorð frá verkstjóra er atvinnurekandi tekur gild, ef þess verður

krafizt;" (Kaupgjaldssamningar Verkamannafélagsins Þróttar, Siglufirði, 1951: 6) hafi 10 krónur og 65 aura í laun hverja vinnustund.